



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 26.01. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:00-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Magnús Róbertsson, Agnes Jónsdóttir (fjarverandi) og Agnes Fjeldsted.

Dagskrá:

## 1. Innra mat

Skólastjóri fór yfir niðurstöður nemendahluta Skólapúlsins í 6.-10. bekk. Síðasta mæling fór fram í desember sl. Fram kom að lækkun er í þáttum sem snúa að virkni nemenda og skóla og bekkjaranda en bæting er í þáttum sem snúa að líðan og heilsu.

## 2. Foreldrasamstarf

Framundan er foreldrafræðsla 13. febrúar nk. þar sem Anna Steinsen mun fjalla um jákvæð samskipti. Skólinn mun einnig kynna stoðþjónustu skólans, úrræði innan hennar og Brúnna.

## 3. ERASMUS+ heimsókn

Dagana 24.-26. janúar voru 18 kennarar frá fjórum löndum í heimsókn hjá okkur í Hraunvallaskóla. Heimsóknin var hluti af verkefninu Responsible future learners sem er 2 ára samstarfsverkefni Hraunvallaskóla við skóla í Póllandi, Danmörku, Finnlandi og Spáni.

## 4. Kynning á stoðþjónustu og úrræðum skólans.

Ásta Björk Björnsdóttir aðstoðarskólastjóri sérverkefna kynnti stoðþjónustu skólans og úrræðin sem finna má innan hennar. Einnig kynnti hún Brúnna og skýrði verklag sem henni tengist. Að kynningu lokinn var farið í vettvangsheimsókn í Glym, námsver og ÍSAT svæði skólans.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland